





Reykjavík, 8. júní 2023

## Varðar: Hrannarstígur/Öldugata – framkvæmdaleyfi


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. júní 2023 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 26. maí 2023, um framkvæmdaleyfi vegna jarðvinnu og frágangs á yfirborði vegna nýrrar grenndarstöðvar með djúpgámum við Hrannarstíg/Öldugötu. Einnig er lagt fram afrit af bréfi skrifstofu framkvæmda og viðhalds til borgarráðs, dags. 22. maí 2023 ásamt tillögu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breytt deiliskipulag, samþykkt 14. september 2022



Yfirlitsmynd framkvæmda

## Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi eru Hrannarstígur og Öldugata annars vegar staðsett í íbúðarhverfi ÍB1 Gamli Vesturbærinn og hins vegar á svæði fyrir samfélagsþjónustu S19 Landakot.

**Deiliskipulag:** Fyrir svæði S19 Landakot er í gildi deiliskipulag, samþykkt 22. júlí 2007 með síðari breytingum, þar á meðal breyting, samþykkt 14. september 2007 þar sem afmörkuð var lóð fyrir grenndarstöð.

## Lýsing á framkvæmd

Verkið felur í sér jarðvinnu vegna nýrra djúpgáma við Hrannarstíg og endurgerð yfirborðs þar í kring í samræmi við breytingu á deiliskipulagi, samþykkt 14. september 2007 þar sem afmörkuð var lóð fyrir grenndarstöð með afmörkuðum byggingarreit fyrir grenndargáma við gatnamótin Hrannarstíg/Öldugötu.

Í því felst rif yfirborðs, bæði malbik og hellulögn, gröft fyrir djúpgámana sjálfa, færslu niðurfalla og tenging þeirra við stofnlagir, breyting á götuköntum og frágang yfirbors við djúpgáma, á götum og á gangstéttum. Í verkinu felst einnig endurskipulagning bílastæða við Hrannarstíg. Fyrir grenndargáma/djúpgáma þarf að sækja um byggingaleyfi.

## Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða nýjan veg, nýjan stíg/ gangstéttir. Framkvæmdin telst umfangsmikil með tilheyrandi raski fyrir íbúa og gesti götunnar auk þess að breyta ásýnd hennar og bæta.

**Framkvæmdatími:** Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka. Reiknað er með að byrja verkið 14. júní 2023 og verklok eru áætluð 4 september 2023.



Yfirlitsmynd framkvæmda

## Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd á Hrannarstíg-Öldugötu. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um gæði byggðar, þ.e.a.s. ásýnd götummynda, hönnun og fegrun götusvæða og bætt aðgengi að þjónustu í hverfi. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til eins árs frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir teyfjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að einnig um íbúðarsvæði er að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa götunnar og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess. Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflaga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki ofl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu rekstur og umhirðu á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

## f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri